

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs

Hótel Vík í Mýrdal
29. október 2015

1. Setning

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setti fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Elínu Einarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Elín Einarsdóttir, fundarstjóri, lagði var fram svohljóðandi tillögu stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerði
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar Greindi hann frá því að 9 formlegir fundir hafi verið haldnir á árinu auk aðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem verið hafa á döfinni. Samningarviðræður við Sorpu hafa verið í gangi í nokkur ár afstaða beggja aðila er að sumu leyti óljós. Ef ekki verður að sameiningu þarf að huga að öðrum kostum. Einnig hafa verið í gangi viðræður við Ölfus um Nessand. Fljótlega þarf að fá niðurstöður í málin. Verkefni stjórnar hefur einnig verið vinna tengd lokunaráætlun sem samþykkt hefur verið fyrir Kirkjuferjuháleigu. SOS verður fyrir verulegum fjárútlátum í framtíðinni vegna vöktunar á svæðinu og talsvert hefur verið framkvæmt þar. Einnig hefur rekstur og rekstrarumhverfi Orkugerðarinnar ehf. verið til umfjöllunar hjá stjórninni en félagið fór í greiðslustöðvun í mars og eru nauðasamningar í undirbúningi. Unnið hefur verið að upplýsingaröflun um sorpmagn og skýrslugerð. Ræddi hann um að það þyrfti að vera meiri samvinna milli sveitarfélaganna og SOS, t.d. hvað varðar það að fá upplýsingar um sorpmagn frá einstaka sveitarfélögum og hirðuaðilum. Verkefni næsta starfsárs er að halda áfram viðræðum við SORPU og einnig við Sveitarfélagið Ölfus vegna Nessands, vinna að markmiðum svæðisáætlunar, ganga frá málum Orkugerðarinnar, skilgreina samning við SASS og vinna að tölulegum upplýsingum.

5. Lögmati fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmatum.

6. Afgreiðslumál

a) **Ársskýrsla SOS**

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

b) **Endurskoðaðir reikningar 2014**

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti ársreikning fyrir árið 2014, þar kom fram að rekstrarhagnaður er tæplega 3,2 m.kr.

c) **Tillaga að fjárhagsáætlun 2016**

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 107 m.kr. og rekstrargjöld um 119,8 m.kr.

d) **Tillaga að gjaldskrá**

Lögð var fram tillaga að breytingum gjaldskrár Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2016.

Lagt er til að gjaldskráin verði óbreytt.

Ásgeir Magnússon, fundastjóri tók til máls og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar, ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá.

Gunnsteinn R. Ómarsson tók til máls og ræddi um viðræður SOS og Sveitarfélagsins Ölfuss um Nessand.

e) **Tillögur að breytingum á samþykktum**

Ásta Stefánsdóttir lagði fram tillögu að breytingum á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands.

f) **Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum**

Engar tillögur bárust.

7. **Erindi: Svæðisáætlanir og samþykktir sem stjórn tækni í úrgangsmeðhöndlun.**

Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga tók til máls um svæðisáætlanir og samþykktir sem stjórn tækni í úrgangsmeðhöndlun. Ræddi hann um stöðu fyrir breytingar á úrgangslögunum og stöðuna núna. Umhverfisstjórn herra mun gefa út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til 12 ára í senn, hann gefur einnig út almenna stefnu um úrgangsforvarnir. Svæðisáætlun á að fylgja stefnu ríkisvaldsins um meðhöndlun úrgangs og um úrgagnsforvarnir. Markmið svæðisáætlanna er að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun hluta og efnis og auka endurnýtingu úrgangs. Sl. haust var sett fram ný reglugerð, þar kemur fram að taka þarf saman magn og tegundir úrgangs, hvaðan hann kemur og hvert hann fer og aðrar tölfræðiupplýsingar. Niðurstaða Sambandsins er að vægi svæðisáætlana hefur aukist þar sem landsáætlun er ekki lengur til. Í tengslum við svæðisáætlun er ástæða til að

velta fyrir sér framtíð og meðhöndlun úrgangs og aukinni samvinnu milli sveitarstjórna um úrgangsmál.

8. Almennar umræður

Jón G. Valgeirsson, formaður, tók til máls og svaraði fyrirspurn Gunnsteins R. Ómarssonar, ásamt því að leggja fram fyrirspurn til sveitarstjórnarmanna um hvort halda eigi áfram viðræðum við SORPU.

Auk Ásgeirs Magnússonar, fundarstjóra, tóku til máls Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kolbeinn Sveinbjörnsson og Gunnsteinn R. Ómarsson.

Rætt var um möguleika á nýjum urðunarstað.

8. Afgreiðsla á tillögum c, d, e, og f

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2016 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2016 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að breytingar á samþykktum verði samþykktar

Tillaga að breytingum á samþykktum var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

9. Kosningar

i) Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögu kjörnefndar að stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi

Ásta Stefánsdóttir, Árborg

Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði

Ari Thorarensen, Árborg

Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahar.

Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarf. Árborg

Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Sveinn Steinarsson, Sveitarf. Ölfusi

Gunnar Egilsson, Sveitarf. Árborg

Formaður Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi.

Var tillaga kjörnefndar að stjórn SOS borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jón G. Valgeirsson, formaður, þakkaði fundargestum fyrir góðan fund.

Fundarstjóri sleit fundi kl 16:56.